

Fundur 9.5.2022 Bóris frá Rússlandi.

Komið þið nú sæl.

*Blessaður, góða kvöldið.*

Jæja þetta stefnir nú allt upp á við hjá mér.

Mikill er sá máttur sem gerir mér kleift að tala yfir stjarna djúpið og hefði ég aldrei sætt mig við þessa skýringu áður fyrr og hefði ég jafnvel ekki látið mér koma til hugar að tala á slíkum fundum.

Svo lengi lærir sem lifir, og tekur maður hverju skrefi fagnandi sem er til þroska og úrbóta og hef ég fundið fyrir því að líkami minn styrkist í hvert sinn sem ég stend frammi fyrir þessum hópum og játa syndir mínar og afbrot og fæ synda aflausn og fyrirgefningu og lækningu á kvillum mínum margvíslegum.

Og er það gæfa mín að hafa fallist á að taka þátt í andlegu starfi og hugblöndun við æðri verur og þroskaðri og fólk það sem kom frá Sólarlöndunum og kallað var englar hér áður fyrr, þegar ég var nýkominn á þennan hnött.

Já hafa orðið miklar framfarir, en stundum hef ég þó fallið niður í gryfju minna fyrri ágalla og bresta í skapgerðinni.

Og var það sérstaklega fyrstu árin eftir að ég kom á hina björtu staði og fór að reyna að tileinka mér aðra siði og átti ég þá mjög erfitt með að hemja mig og læra af fólkinu sem kom að sækja mig og sagði mér til um það hvað ég gæti orðið ef ég treysti þeim og fyrirgæfi sjálfum mér og segði skilið við fortíðina og alls konar hefndarhug og beiskju orð og hringrás hefnigirni og neikvæðra hugsana og gjörða.

Sem ég ástundaði fyrst eftir að ég kom á þennan hnött og eru hér fjölmargir furðulegir staðir sem ég gæti sagt frá þar sem jurta og dýralíf er með ógnvekjandi hætti og eldgos og jarðskjálftar og villidýr ásamt sníkjudýrum og bakteríum og slíkum ógnum.

Og er ég mjög feginn að hafa losnað úr þeirri hringrás og er mér sagt að ef mér gangi vel á þessu Morgunlandi muni ég brátt komast af þessum hnetti á annan betri hnött, þar sem sólin rís og hnígur eins og á mínum frumlífs hnetti, jörðinni ykkar gömlu.

Og vona ég að mér takist það en ennþá á ég eftir að yfirvinna nokkur vandkvæði og helst það í hendur við orkuna sem eykst eftir því sem lengra er komið á þróunarbrautinni og hefur það verið stórmerkilegt að læra um það allt.

Ætla ég að reyna að segja frá misgjörðum mínum á jörðinni, því mér var sagt að það myndi bæði hjálpa ykkur og mér og okkur sem eru hér stödd og höfum þurft að þola þjáningar í framlífi þar sem náttúran hefur ekki verið góð og að það muni staðfesta vilja minn til að bæta mig og lyfta af þögninni og sýna þeim sem sjá um meðferð þessa og úrbót okkar sem hér erum stödd að við erum heil og sönn í iðrun okkar og viðsnúningi til betri lifnaðarháttar.

Var ég uppi fyrir um það bil hundrað árum og ekki fór ég vel með skepnur eða fjölskylduna mína og hélt ég því áfram í framlífi í myrkurríki að berja og fara illa með skepnur og eiga í misferlum við fólk og urðu mörg atvik þar sem myrkurheimurinn sýndi mér fram á að ég yrði að bæta mig og snúa til baka til lífsstefnuáttar og þeirra sem eru frá Morgunlandinu.

Og hef ég verið á þessum sama hnetti í öll þessi ár og stundum verið næstum dauður af þessum hnetti, en hefur það þó ekki gerst og ekki er langt síðan ég fór að taka þátt í hugblöndun og skynja þá samúð með fórnarlömbum mínum.

En hefur mér verið sagt að það sé meðfæddur galli í mér frá jörðinni að eiga erfitt með slíkt og að það hafi hamlað göngu minni upp til ljósins ríkis.

Og er það nú allt í áttina og eru hér lífgeislalækningar og annað slíkt sem eru mjög til bóta og fékk ég hér að tala við mann sem hefði eignast fjölskyldu með dóttur minni og konu sem hefði eignast afkvæmi með syni mínum í jarðlífi ef þau hefðu ekki orðið fyrir áföllum í bernsku sem hindraði þroska og kom af stað ótta í garð hins kynsins.

Með iðruninni kemur skilningur á öðru fólki og þá fer maður að stöðva sjálfan sig í því að beita hnefum og frumstæðum tilfinningum þegar hægt er að ræða saman og eiga vinsamlegri og betri samskipti.

Var ég Rússneskur bóndi og nafn mitt er Bóris.

Finn ég mikla strauma frá ykkur, metoo og var mér sagt að það myndi passa inn í þetta umræðuefni og vona ég að ég komist á hnött þar sem hamingja er mikil og kynnist betur ættingjum mínum.

Verið þið sæl og þakka ykkur fyrir.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir söguna þína.*